



Námskeið fyrir aðstoðarleiðbeinendur leikskólahópa

Sunnudaginn 31. ágúst verður haldið námskeið fyrir aðstoðarleiðbeinendur leikskólahópa/krílahópa 3 – 5 ára.

- Farið verður yfir hlutverk aðstoðarleiðbeinenda og til hvers er ætlast af þeim í tímunum. Auk þess verður farið í móttökur á grunnæfingum.
- Skráning fer fram í þjónustugátt FSÍ fyrir miðvikudaginn 27. ágúst, skráning lokast 23:59 þann dag.
- Námskeiðið er ætlað aðstoðarleiðbeinendum á aldrinum 14 (9.bekkur) – 17 ára.
- Lágmarksfjöldi á námskeiðið er 15 manns.
- Námskeiðisgjald er 9.000 kr.